# Fundargerð

Fundur var haldinn í fullskipaðri málnefnd fimmtudaginn 11. apríl í Eddu og hófst hann kl. 16. Fundinn sátu Ármann Jakobsson formaður, Eva María Jónsdóttir varaformaður, Anna Sigríður Þráinsdóttir, Guðrún C. Emilsdóttir, Jóhannes B. Sigtryggsson, Kristín Ólafsdóttir, Luciano Dutra, Marta Guðjónsdóttir, Ólína Kjerúlf Þorvarðardóttir, Sveinn Yngvi Egilsson og Þórður Sævar Jónsson. Matthías Tryggvi Haraldsson og Ragnar Jónasson boðuðu forföll. Arnhildur Arnaldsdóttir, Sigrún Steingrímsdóttir og Torfi Þórhallsson voru fjarverandi. Ágústa Þorbergsdóttir frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum ritaði fundargerð.

## 1. Stjórnarkjör

| Í stjórn Íslenskrar málnefndar voru kjörin: | Kjörnir varamenn eru: |
|---|---|
| Anna Sigríður Þráinsdóttir | 1. Guðrún C. Emilsdóttir |
| Jóhannes B. Sigtryggson | 2. Þórður Sævar Jónsson |
| Luciano Dutra | 3. Marta Guðjónsdóttir |

Ármann Jakobsson er skipaður formaður Íslenskrar málnefndar og Eva María Jónsdóttir varaformaður.

## 2. Starfið fram undan

Formaður kynnti nefndarmönnum helstu þætti í starfi Íslenskrar málnefndar. Nefndin verður 60 ára í sumar og ákveðið hefur verið að halda málþing af því tilefni. Mun það koma í stað árlegs málræktarþings.

Formaður sagði að eitt það mikilvægasta í starfi nefndarinnar væru ályktanir hennar. Ályktanir frá síðustu árum hefðu meðal annars verið nýttar mikið í aðgerðaáætlun í málefnum íslenskrar tungu og nýrri bókmenntastefnu.

Ísland er með formennsku í netverki norrænna málnefnda á þessu ári og verður fundur norrænu málnefndanna haldinn 28.–30. ágúst í Reykjavík.

Formaður sagði að stefnt yrði að því að halda næsta fund allrar nefndarinnar í október eða nóvember. Nýskipuð stjórn mun þinga fyrsta mánudag í maí.

## 3. Stefna málnefndarinnar 2024–2027

Umræður urðu um hugsanleg áhersluatriði fyrir næsta kjörtímabil. Einkum var rætt um bága stöðu íslensku. Ólína flutti hvatningarorð um þetta efni og tóku nefndarmenn undir orð hennar. Hún nefndi meðal annars að það þyrfti hugsanlega fleiri fulltrúa neytenda íslensku í nefndina. Nefnt var að hugsanlega þyrfti að taka upp viðurlög við brotum á lögum um tungumálið. Sveinn nefndi að í 6. gr. laganna væri kveðið skýrt á um ráðgjafarhlutverk Íslenskrar málnefndar gagnvart ráðuneytinu („Hlutverk Íslenskrar málnefndar er að veita stjórnvöldum ráðgjöf um málefni íslenskrar tungu á fræðilegum grundvelli […]“). Rætt var

um að ef til vill mætti nýta þetta meir en áður. Rætt var um íslensku í almannarými og leiðir til að auka sýnileika íslensku. Nefnt var að fróðlegt gæti verið að kynna sér reynslu landa þar sem viðurlög væru við því að fara ekki eftir lögum um að nota móðurmálið (s.s. Frakkland og Eistland). Marta sagðist ætla að leggja til að Reykjavíkurborg markaði sér skýra stefnu um notkun íslensku.

**4. Önnur mál**

a. Sagt var frá vitundarvakningu sem nú stendur yfir og er miðuð að nemendum á framhaldsskólaaldri og í efri bekkjum grunnskóla. Útbúinn hefur verið vefurinn *vandamalid.is* þar sem skorað er á ungt fólk að búa til efni á íslensku. Er þetta gert til að bregðast við þeim meinta vanda að ungt fólk vandi almennt ekki mál sitt eða hugsi ekki mikið um íslenska tungu.
b. Guðrún Emilsdóttir ræddi um mikilvægi þess að þýða tölvuleiki og benti á fyrirhugað þýðingaþing sem haldið verður í Eddu 26. apríl.

Fleira gerðist ekki; fundi slitið kl. 17.

| | |
|---|---|
| Ármann Jakobsson | Ágústa Þorbergsdóttir |
| sign. | sign. |